

# Tillaga um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS

Greinargerð og tillögur starfshóps



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

**Starfshópurinn:**

Dagbjört Ásbjörnsdóttir

Eyrún Magnúsdóttir

Hulda María Magnúsdóttir

Karitas Bjarkadóttir

Kári Sigurðsson

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Margrét Héðinsdóttir

(Sindri Smáráson)

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur**

**Desember 2016**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Starfshópurinn .....	4
2. Fundir og kynningar .....	5
3. Kynfræðsla í skóla- og frístundastarfi .....	6
3.1 Lagaleg skylda .....	7
4. Tillögur starfshópsins .....	8
5. Tilraunaverkefnið .....	10
5. Mat á árangri .....	13
6. Lokaorð .....	13
Heimildir .....	15
Viðaukar .....	17
Viðauki 1 – Erindisbréf starfshóps .....	17
Viðauki 2 - Spurningar og svör skólastjóra varðandi kynfræðslu .....	18
Viðauki 3 – Fundargerðir .....	20

## Inngangur

Ljóst er að samfélagsleg umræða um kynferðismál hefur opnast mikið á undanförunum árum og áratugum. Þekking hefur aukist og orðræðan hefur breyst. Um miðja síðustu öld var t.a.m. helst eingöngu rætt um kynlíf í frjósemistilgangi. Talið var að sjálfsfróun væri eitthvað afar slæmt og sagt var að of mikil sjálfsfróun gæti jafnvel valdið geðveiki. Árið 1934 var kennari í Reykjavík ávíttur fyrir að fræða nemendur sína um kynfærin, þá var það talið sérlega ósæmilegt af kennara að gera slíkt (Sóley S. Bender, 2006a). Fram til ársins 1975 máttu lækna eingöngu sjá um kynfræðslu til almennings en með nýjum lögum um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf, barneignir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar bættust fleiri fagstéttir í hóp þeirra sem máttu sinna slíkri fræðslu s.s. félagsráðgjafar, ljósmæður, hjúkrunarfræðingar og síðar kennarar (Lög um ráðgjöf, 1975).

Fræðslulögin kveða á um að börn og ungmenni eigi að fá kynfræðslu á öllum skólastigum. Með síaukinni snjalltækjanotkun ungs fólks eykst aðgangur þeirra að ýmiskonar efni á netinu, bæði góðu efni og varhugaverðu og því skiptir miklu máli að fræðslan taki mið af því. Börn og unglingar eiga til að mynda auðveldan aðgang að grófu klámefni sem þau geta nálgast í símanum sínum eða tölvunni. Klámnotkun virðist vera nokkuð mikil og samkvæmt norrænni samanburðarrannsókn eiga íslenskir drengir norðurlandamet í klámáhorfi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010). Rannsóknir hafa einnig sýnt að drengir eru á bilinu 10-12 ára þegar þeir byrja að horfa á klám (Ástrós Erla Benediktsdóttir, 2016; Guðbjörg Hildur Kolbeinsdóttir, 2007). Því er mikilvægt að börn fái góða kynfræðslu sem m.a. vegur upp á móti þeim skilaboðum sem í klámi felast.

Reykjavíkurráð ungmenna hefur ítrekað óskað eftir aukinni fræðslu, meiri fjölbreytileika, frekari áherslu á félagslega þætti kynhegðunar og að fræðslan byrji fyrr á skólagöngunni. Einnig hafa fulltrúar ráðsins óskað eftir betra aðgengi ungmenna að dömubindum, túrtöppum og smokkum. Samþykkt var í borgarráði vorið 2016 að setja saman starfshóp til að skoða stöðu kynfræðslumála innan skóla- og frístundasviðs og koma með tillögur að úrbótum. Í þessari skýrslu má sjá afrakstur vinnu starfshópsins. Þar sem hópurinn er sammála unga fólkinu um að verulega megi bæta í til að kynfræðslan verði markviss er það von hópsins að tillögur þær sem hér eru lagðar fram verði að veruleika. Það er mikilvægt skref í átt að betri og markvissari kynfræðslu í borginni, unga fólkinu og samfélaginu öllu til heilla.

## 1. Starfshópurinn

Samkvæmt erindisbréfi var starfshópnum ætlað að leggja fram heildstæða stefnumótun um kynfræðslu fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi SFS. Helstu verkefni sem hópnum var ætlað að vinna voru að:

- Kortleggja það sem nú þegar er verið að gera í skóla- og frístundastarfi borgarinnar varðandi kynfræðslu barna og ungmenna.
- Finna út hvaða þætti í kynfræðslu skortir helst og hverju þarf að bæta við.
- Meta hvort og þá hvernig er mögulegt að hefja kynþroskafræðslu fyrr en nú er gert og hvernig megi auka aðgengi ungs fólks að dömubindum, túrtöppum og smokkum.
- Setja fram heildstæða stefnumótun í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.
- Leggja fram aðgerðaráætlun með stefnunni.

Starfshópurinn skipuðu:

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnisstýra fjölmennningar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsmaður hópsins.

Eyrún Magnúsdóttir, nemi í Verslunarskóla Ísland. Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna.

Hulda María Magnúsdóttir, kennari í Foldaskóla. Fulltrúi grunnskólakennara.

Karitas Bjarkadóttir, nemi í Verslunarskóla Íslands. Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna.

Kári Sigurðsson, frístundaráðgjafi í félagsmiðstöðinni Hólmaseli. Fulltrúi frístundasviðs.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra jafnréttismála á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Formaður hópsins.

Margrét Héðinsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðis. Fulltrúi skólahjúkrunarfræðinga.

Sindri Smáráson, nemi í Árbæjarskóla. Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna. Sindri sagði sig fljótlega úr starfshópnum vegna anna.

## 2. Fundir og kynningar

Starfshópurinn fundaði sex sinnum á tímabilinu frá 02. september til 18. nóvember 2016. Á fundunum fóru fram umræður og kynningar sem tengdust viðfangsefni hópsins.

Kynningar sem hópurinn fékk:

- Margrét Héðinsdóttir kynnti námsefni og skipulag þeirrar kynfræðslu sem skólahjúkrunarfræðingar bjóða almennt upp á.
- Bjarklind Gunnarsdóttir kom fyrir hönd Jafningjafræðslu Hins hússins og kynnti þeirra verklag og eins vangaveltur um þá þætti sem helst verða útundan í kynfræðslu ungmenna.
- Eyrún Guðmundsdóttir skólahjúkrunarfræðingur kynnti verk- og vinnulag kynfræðslu í sínum skóla.
- Jóhann Björnsson sendi starfshópnum yfirlit yfir þá kynfræðslukennslu sem boðið er upp á í Réttarholtsskóla.
- Hulda María Magnúsdóttir fór yfir þá kynfræðslu sem í boði er í hennar skóla og ræddi um þá efnisþætti sem hún upplifir að unglíngarnir kalli helst eftir
- Sólveig Rós Másdóttir ætlaði að vera með kynningu á skýrslu sinni um upplifun hinsegin ungmenna af kynfræðslu í grunnskólum í Reykjavík en hún forfallaðist og fékk starfshópurinn skýrsluna til aflestrar í staðinn.

Á fyrstu fundum starfshópsins fór fram hugmyndavinna um verkefni hópsins og áherslur og verkáætlun unnin í framhaldi af því. Allir meðlimir hópsins deildu sinni reynslu og þekkingu á kynfræðslu, skipst var á skoðunum og málefnið rætt frá ólíkum hliðum. Allir meðlimir hópsins fyrir utan fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna hafa sinnt kynfræðslu í sínum störfum. Hópurinn kemur víða að og því var tekin ákvörðun um að samskipti utan funda ættu sér stað í lokuðum facebook hópi. Þar voru settar inn ýmsar greinar, rannsóknir og annað sem nýttist vel til undirbúnings vinnunnar. Auk þess var notast við tölvupóstssamskipti.

### 3. Kynfræðsla í skóla- og frístundastarfi

Börn og unglingar læra um samskipti, sambönd, tilfinningar og kynlíf úr ýmsum áttum. Öll fæðumst við sem kynverur og segja má að kynferðisþroskinn sé að mótast í gegnum allt lífið. Það er mikilvægt að börn fái rétta og góða fræðslu frá fullorðnum aðila og með því að læra um sömu þætti frá ólíkum áttum t.d. heima, í skólanum, í frístund og frá hjúkrunarfræðingi ætti þekkingin að komast vel til skila. Því skiptir máli að byrja snemma að tala um líkamann, tilfinningarnar og samskiptin og byggja svo ofan á þekkinguna í gegnum alla skólagönguna. Á kynþroskaskeiðinu eiga sér stað miklar líkamlegar og andlegar breytingar þar sem barn breytist í unglíng og ber hinum fullorðnu að veita unga fólkinu stuðning og góða fræðslu á þessu tímabili.

Starfshópurinn skoðaði hvernig kynfræðsla er háttað í öðrum löndum og komst að því að Hollendingar standa öðrum framur þegar kemur að þessu málefni. Í Hollandi byrjar kynfræðsla strax í leikskóla og er markviss til loka skólaskyldunnar. Þar er lögð mikil áhersla á réttindi ungs fólks, ábyrgð þess og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Unglingar þar læra að eiga heilbrigð samskipti í tengslum við kynlíf og þeir hvattir til að taka upplýstar ákvarðanir í tengslum við sitt eigið kynheilbrigði. Sú mikla vinna sem sett er í kynfræðslu þar skilar sér m.a. í því að 9 af hverjum 10 unglíngum í Hollandi nota getnaðarvarnir þegar þeir stunda samfarir í fyrsta sinn. Ungt fólk í Hollandi lýsir fyrstu kynlífsreynslunni sem ánægjulegri og að þau hafi upplifað sig vera tilbúin þegar að henni kom. Til samanburðar má geta þess að 66% kynferðislega virkra unglínga í Bandaríkjunum segjast óska þess að þeir hefðu byrjað að stunda kynlíf seinna en þeir gerðu. Unglingaþunganir er með þeim fæstu í heimi í Hollandi og kynsjúkdómasmit og HIV smit eru einnig mun færri þar en í nágrannalöndum. Aðgangur að getnaðarvörnum er góður í Hollandi, smokkasjálfsalar eru víða og getnaðarvarnarpillan er notendum að kostnaðarlausu fram til 21 árs aldurs (Saskia, D.M., 2015; Walia, A., 2015).

Í skóla- og frístundastarfi gefst gott tækifæri til að koma góðri og markvissri kynfræðslu til allra barna. Þar ætti að vera auðvelt að skapa rými fyrir umræður og vangaveltur um allt sem snýr að kynverund einstaklinga. Góð og markviss kynfræðsla skilar sér í betra kynheilbrigði ungs fólks eins og sjá má m.a. af reynslu Hollendinga.

### 3.1 Lagaleg skylda

Fræðsluyfirvöldum ber að veita kynfræðslu á skyldunámsstigi í skólum landsins samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (nr. 25/1975). Í lögunum segir orðrétt:

Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegum getnaðarvarna, m.a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra.

Í starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundsviðs Reykjavíkurborgar (2015) segir:

Í frístundastarfi er mikilvægt að efla og styrkja heilsu og velferð, hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi barna og unglinga.

Fræðsla er mikilvægur liður í forvarnarstarfi félagsmiðstöðva og frístundaklúbba og styður börn og unglinga í að velja jákvæðan lífsstíl. Dæmi um viðfangsefni í fræðslu geta verið einelti, fordómar, kynfræðsla, hópefli og sjálfsstyrking.

- Formleg fræðsla þar sem börnum og unglingum er boðið upp á fræðsluerindi í opnu starfi, hópastarfi eða að frístundaráðgjafar koma inn í skólana með fyrirfram ákveðið viðfangsefni.
- Óformleg fræðsla þar sem starfsfólk grípur þau tækifæri sem gefast í starfinu til umræðna og skoðanaskipta í hópnum um málefni sem varða börn og unglinga á einn eða annan hátt. Starfsfólk leiðbeinir, hvetur til gagnrýnnar hugsunar og ýtir undir að einstaklingar myndi sér sjálfstæðar skoðanir.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur eftirfarandi fram:

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Í hæfniviðmiðum fyrir náttúrugreinar kemur fram að:

-Við lok 4. bekkjar getur nemandi: „útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans“.



-Við lok 7. bekkjar getur nemandi: „lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna“.

-Við lok 10. bekkjar getur nemandi: „útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun“ og „útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra“.

Í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar kemur fram að:

-Við lok 10. bekkjar getur nemandi: „beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd“.

Í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs (2016) segir að hlutverk starfsstaða SFS sé m.a. að:

-Auka kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.

Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að í öllu uppeldis- og tólmundastarfi skuli börnum og unglingum veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Þá er sérstaklega tekið fram að í starfinu skuli styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og þilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglinga. Skóla- og frístundasvið á að hafa Mannréttindastefnu Reykjavíkur til hliðsjónar í öllu sínu starfi. (Út fyrir boxið, 2014)

## 4. Tillögur starfshópsins

Ítrekað hafa komið fram óskir frá Reykjavíkurráði ungmenna um meiri og jafnframt markvissari kynfræðslu í skólakerfi borgarinnar. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur sendi spurningar sem varða fjölda kynfræðslutíma til skólastjóra borgarinnar í ársbyrjun 2016 (sjá fylgiskjal nr.2). Samkvæmt svörum þeirra virðist vera nokkuð misjafnt á milli skóla hver sinnir kynfræðslunni og hversu mikill tími er tekinn frá fyrir fræðsluna. Í flestum skólum eru það kennarar og skólahjúkrunarfræðingar sem sjá um fræðsluna. Í einhverjum skólum er fræðslan í höndum námsráðgjafa auk þess sem nokkuð virðist vera um kynfræðslu frá utanaðkomandi aðilum. Við nánari eftirgrennslan hópsins kom í ljós að fyrir utan einhverja

umsjónarkennara virðast samfélagsfræðikennarar og náttúrufræðikennarar aðallega sjá um kynfræðsluna auk skólahjúkrunarfræðings en afar misjafnt er hversu markviss og ítarleg fræðslan er. Eins virðist víða skorta upp á samtal milli hjúkrunarfræðinga og kennara sem þó eru að kenna sömu nemendum. Skólahjúkrunarfræðingar bjóða gjarnan upp á kynþroskafræðslu fyrir 6. bekk og fræðslu um getnað, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma í 9. bekk. Aðrir þættir kynfræðslu virðast ekki vera fastir inni í áætlunum eins og er og því hætta á að þeir verði útundan og mörg börn fari á mis við mikilvæga vitneskju. Samvinna og samtal við heimili nemenda virðist einnig vera í lágmarki. Lítið sem ekkert virðist vera rætt um mörk, samþykki, virðingu og kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Fulltrúar Reykjavíkurráðs í starfshópnum kölluðu sérstaklega eftir úrbótum varðandi þessa þætti fræðslunnar.

Eftir heilmiklar umræður, lestur greina, laga og reglugerða, skoðanaskipti byggð á reynslu og áheyrn ýmiskonar fræðslu var starfshópurinn sammála um kosti þess að byrja innleiðingu markvissrar kynfræðslu á tilraunaverkefni. Hópurinn lagði strax upp með það að ekki væri um skammtímaverkefni að ræða heldur varanlegar breytingar á þeirri kynfræðslu sem börnum og unglingum í borginni stendur til boða. Til að leiða þær breytingar er talið hentugast að ráðast í þriggja ára tilraunaverkefni sem verður svo nýtt til að innleiða breytingarnar á aðra starfsstaði.

### **Tillögur starfshópsins eru á þessa leið:**

- Kynfræðslan verður í höndum þriggja fagstétta þ.e. skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa í félagsmiðstöð.
- Hver fagstétt tekur að sér fyrirfram ákveðna þætti kynfræðslunnar og ber meginábyrgð á þeim.
- Samráðsfundir verða haldnir ca. tvisvar sinnum á önn til að fara yfir námsefni og til að mynda heildræna stefnu. Verkefnastjórar frá fagskrifstofu SFS sitja fundina með fagaðilum á meðan á innleiðingu stendur.
- Gerð verður áfangaskýrsla fyrir hvert skólaár þar sem verkefnið verður metið. Að verkefni loknu verður útbúin handbók sem verður innleidd í alla skóla borgarinnar.
- Tveir skólar (t.d. Foldaskóli og Seljaskóli), annar með stóra unglingadeild og hinn með litla keyra tilraunaverkefnið í þrjú ár.

- 1. ár : Fræðsla í unglिंगadeild
- 2. ár : Fræðsla á miðstigi bætist við
- 3. ár : Fræðsla á yngsta stigi bætist við/ allur skólinn tekur þátt
- Nemendur fá a.m.k 12 kennslustundir í kynfræðslu yfir veturinn. Fagaðilar í samvinnu við stjórnendur ákveða með hvaða hætti kennslan dreifist yfir skólaárið.
- Virkt samstarf verði við foreldra/forráðamenn í gegnum allt verkefnið. Ætlast verði til þess að nemendur vinni heimavinnu í kynfræðslu í samvinnu við forráðamenn sína. Bæklingurinn *Samskipti foreldra og barna um kynlíf* verði sendur heim til allra nemenda. Forráðamenn nemenda fá reglulega upplýsingar um þá fræðslu sem nemendur hafa hlotið og þeir hvattir til að halda fræðslunni áfram heima með leiðbeinandi aðstoð frá kennara, hjúkrunarfræðingi og frístundaleiðbeinanda.
- Bæklingurinn *Sex: your own way. A booklet about sex for teens*, sem gefinn var út af Swedish Association for Sexuality Education verði þýddur á íslensku og sendur út rafrænt á alla skóla borgarinnar. Bæklingurinn er einstaklega vel upp settur, skýr og nútímalegur. Í honum er fjallað á hnitmiðaðan, einlæg og opinskáan hátt um kynheilbrigði ungs fólks frá mörgum hliðum.
- Dömubindi og túrtappar verði aðgengilegir á klósettum í unglिंगadeildum skólanna og smokkar verða aðgengilegir í félagsmiðstöðvum þeirra hverfa sem taka þátt á meðan á verkefninu stendur.

## 5. Tilraunaverkefnið

Starfshópurinn leggur til að kynfræðslu á unglिंगastigi verði skipt upp í árganga og þess gætt að allir árgangar fá kynfræðslu við hæfi og sem byggir ofan á fyrri þekkingu. Efnisþættir eru valdir með tilliti til þeirrar fræðslu sem nú þegar er í boði en með þeirri viðbót sem eftirgrennslan hópsins hefur leitt í ljós að skortir í fræðsluna eins og hún er víða í dag.

- **Í 8. bekk verður áhersla á eftirfarandi þætti:**
  - *Skólahjúkrunarfræðingur:*

- Hugrekki, að bregðast við neikvæðum félagsþrýstingi, líkamsímynd, kynferðisofbeldi
  - *Kennari:*
    - Lífsgildi, unglingsárin, sjálfstraust, sjálfsvirðing, sjálfsmýnd, vinátta, karlmennska, kvenleiki, jafnrétti, femínismi, félagsmótun, kyngervi, staðalmyndir, fordómar, líkamsímynd, útlitsdýrkun, kynþroski, sambönd, kynhneigð, góð samskipti, ást og ástarsorg.
  - *Frístundaráðgjafi:*
    - Klámvæðing, hrifning eða ást?, kynvitund, kynhneigð, kynferðisleg áreitni, samskipti og samskiptamiðlar, mikilvægi sjálfsfróunar og þess að þekkja eigin líkama.
- **Í 9. bekk verður áhersla á eftirfarandi þætti:**
- *Skólahjúkrunarfræðingur:*
    - Kynheilbrigði, kynlíf, kynmök, sjálfsvirðing, getnaðarvarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, kynferðisofbeldi.
  - *Kennari:*
    - Ást, kynlíf, kynheilbrigði, munurinn á kynlífi og klámi, klámvæðing, vændi og mansal, kynlíf og ofbeldi, Fáðu já, getnaður, getnaðarvarnir, fóstureyðingar, kynsjúkdómar, að eignast barn, fósturþroski, fæðing, foreldrahlutverkið, litið til framtíðar og almenn ráðgjöf.
  - *Frístundaráðgjafi:*
    - Klámvæðing, hrifning eða ást?, kynvitund og kynhneigð, samskipti og samskipta miðlar, útlitsdýrkun.
- **Í 10. bekk verður áhersla á eftirfarandi þætti:**
- *Skólahjúkrunarfræðingur:*
    - Kynheilbrigði, sambönd, ást, menning, trú, ástarsorg, trans, gagnkynhneigðarhyggja, ábyrgð á eigin heilsu, kynferðisofbeldi.
  - *Kennari:*
    - Kynmök, kynhegðun. Áframhald af efni 9. bekkjar með aukinni áherslu á gagnrýna hugsun og málefni líðandi stundar af samfélagsmiðlum sbr. Free the

nipple, umræður um hefndarklám o.s.frv. Farið í dýpri umræður um þá þætti sem teknir voru fyrir í 9. bekk.

▪ *Frístundaráðgjafi:*

- Kynmök, kynhegðun, kynórar (fantasíur), sjálfsfróun í samböndum, samskipti og áhrif samskiptamiðla

**Á miðstigi:**

- Almennt verður lögð áhersla á samskipti, kynþroska, jafnrétti, áhrif klámvæðingar, sjálfsmynd, sexting og samskiptamiðla, kynvitund, kynhneigð, kyngervi, útlitsdýrkun og kynferðisofbeldi.

**Á yngsta stigi:**

- Almennt verður lögð áhersla á samskipti, líkaminn minn, snerting og knús, einkastaðirnir, hvaðan koma börnin, ólík kyn, kynhneigð, kynferðisofbeldi.

Verkefnið verður í sífældri endurskoðun og mati, þar sem lögð er áhersla á að skoða innihald fræðslunnar og hvort hún mæti þeim þörfum sem nemendur eru að kalla eftir. Áhersluþættir fræðslunnar skarast að mörgu leyti og ætti endurtekningin að stuðla að aukinni þekkingu nemenda á námsefninu. Eins og segir í aðalnámskrá grunnskóla (2011) þá er samvinna ólíkra aðila almenn forsenda þess að góður árangur náist:

Til að mæta áherslum um heilbrigði þurfa allir sem í skólum starfa að skoða störf sín með hliðsjón af heilbrigði og vinna í sameiningu að skýrum markmiðum sem styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Þar gegnir starfsfólk skóla miklu hlutverki sem fyrirmyndir. Einnig þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist.

Starfshópurinn tekur saman lista yfir námsefni sem fagaðilar geta sótt í við undirbúning fræðslunnar. Skólahjúkrunarfræðingar eiga þegar tilbúið staðgott efni til að nota í sínum hluta fræðslunnar. Námsefni sem kennarar og frístundaráðgjafar geta nýtt sér leynist víða og með

Því að safna efninu saman á einn stað ætti allur undirbúningur kynfræðslunnar að verða einfaldari. Leitast verður við að finna námsefni um kynfræðslu til fatlaðs fólks og efni um hinsegin kynfræðslu til að bæta við hefðbundið kynfræðsluefni. Fyrir utan námsefnabankann er mikilvægt að fræðslan sé fljótandi að einhverju leyti, að sá sem fræðslunni sinnir sé meðvitaður um að nýta samfélagsumræðu og fjölmiðlaumfjöllun þegar tækifæri gefast til. Fræðarinn þarf að vera með „puttann á púlsinum“ og vera tilbúinn til að opna á umræðu um málefni líðandi stundar sbr. Free the nipple, #þöggun, umræður um klámneyslu ungs fólks í fjölmiðlum og annað álíka.

## 5. Mat á árangri

Það skiptir máli að meta árangur af tilraunaverkefninu til að greina það sem vel gengur og það sem betur má fara áður en innleiðing í alla grunnskóla borgarinnar hefst. Starfshópurinn leggur til að skrifstofa sviðsstjóra, tölvu og rannsóknardeild (STOR) útbúi spurningalista sem lagðir verða fyrir nemendur og starfsfólk í upphafi verkefnis og svo aftur árlega til loka tilraunarinnar. Einnig er lagt til að rýnihópar nemenda verði settir saman þar sem umræður um nýja nálgun kynfræðslu eiga sér stað. Rýnihóparnir ásamt spurningalistum ættu að gefa nokkuð sterkar vísbendingar um árangur verkefnisins og vera ómetanlegt verkfæri til hliðsjónar við innleiðinguna.

## 6. Lokaorð

Ljóst er að ungt fólk í dag óskar eftir meiri og markvissari kynfræðslu en boðið hefur verið upp á í skólakerfi borgarinnar hingað til. Eins og stendur virðist fjöldi kynfræðslutíma í grunnskólum og efnisval ráðast að miklu leyti af áhuga og eldmóði einstakra kennara. Yfirsýn og stefnumótun hefur skort nokkuð hjá skóla- og frístundasviði.

Óheftur aðgangur barna og unglinga að internetinu og mikið áreiti frá dægurmenningu samfélagsins hefur áhrif á þekkingu, viðhorf og upplifun þeirra á ást, samböndum og kynlífi. Kynfræðsla verður að taka mið af þessu og koma til móts við unga fólk þar sem það er statt. Mikilvægt er að bjóða upp á góðar umræður þar sem ýmsum þáttum er velt upp samhliða

staðreyndakennslu. Ungt fólk á að hafa tækifæri til að ræða málin í öruggu rými, spyrja spurninga og fá hreinskilin svör.

Með því að leggja í þriggja ára tilraunaverkefni þar sem aðilar úr grunnskólanum, frístundinni og frá skólahjúkrun, með stuðningi frá fagskrifstofu SFS og í samvinnu við forráðamenn nemenda vinna saman, ætti að vera hægt að byggja góðan grunn að markvissri kynfræðslu. Að verkefni loknu ætti að vera ljóst hvernig hægt er að byrja strax í fyrsta bekk að ræða um líkama og samskipti og byggja svo ofan á þekkinguna í gegnum alla skólagönguna. Hverjum fagaðila ætti að vera ljóst hvert hans hlutverk er í fræðslunni og með hinu þverfaglega samstarfi verður fræðslan efnismeiri og innihaldsríkari. Börnin læra jafnt og þétt að líkama, tilfinningar, kynfæri og kynlíf eru ekki leyndarmál heldur eðlilegur þáttur af lífi flestra. Þau læra að nálgast þessa vitneskju af virðingu sem ætti að skila þeim meira öryggi og meiri ánægju varðandi eigið kynheilbrigði.

## Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2011). *Og greinasvið (2013).* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Arjun, W. (2015). In the Netherlands sex education starts in kindergarten: Here's what they tell them and why. *Collective evolution*. Sótt 15. október 2016 af: <http://www.collective-evolution.com/2015/06/22/in-the-netherlands-sex-education-starts-in-kindergarten-heres-what-they-tell-them-why/>

Ástrós Erla Benediktsdóttir. (2016). „*Kynhegðun, kynheilbrigði og klámáhorf framhaldsskólanema*“. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjöf til starfsréttinda.

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2007). Pornography and sex among adolescents in Iceland [rafræn útgáfa]. *Unge, køn og pornografi i Norden*, 111-150. [http://www.norden.org/is/utgafa/utgefing-efni/2006-546/at\\_download/publicationfile](http://www.norden.org/is/utgafa/utgefing-efni/2006-546/at_download/publicationfile)

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The nordic youth research*.

Melker, S. D. (2015). The case for starting sex education in kindergarten. *PBS Newshour*. Sótt 15. október 2016 af: <http://www.pbs.org/newshour/updates/spring-fever/>

Reykjavíkurborg. (2014). *Út fyrir boxið. Hvernig má efla sjálfstraust stelpna og vinna gegn hamlandi staðalmyndum í lífi barna og ungmenna á skapandi og árangursríkan hátt*. Reykjavík: Höfundur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2016). *Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2016*. Reykjavík: Höfundur.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-b). *Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Höfundur.

Sóley S. Bender. (2006a). Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar [rafræn útgáfa]. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 4, 46-50.

**Hér má nálgast bæklinginn „Samskipti foreldra og barna um kynlíf“:**

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11263/Samskipti%20foreldra%20og%20barna%20um%20kynlif.pdf>

**Hér má nálgast bæklinginn „Sex your own way (a booklet about sex for teens)“**

<http://www.rfsu.se/en/Engelska/Sexuality-Education/Sex-your-own-way/>

# Viðaukar

## Viðauki 1 – Erindisbréf starfshóps



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

<b>Heiti starfshóps:</b> Starfshópur um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS
<b>Hlutverk:</b> Að leggja fram heildstæða stefnumótun um kynfræðslu fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.
<b>Helstu verkefni:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Kortleggja það sem nú þegar er verið að gera í skóla- og frístundastarfi borgarinnar varðandi kynfræðslu barna og ungmenna.</li><li>• Finna út hvaða þætti í kynfræðslu skortir helst og hverju þarf að bæta við.</li><li>• Meta hvort og þá hvernig er mögulegt að hefja kynþroskafræðslu fyrr en nú er gert og hvernig auka megi aðgengi ungs fólks að dömubindum, túrtöppum og smökkum.</li><li>• Setja fram heildstæða stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík</li><li>• Leggja fram aðgerðaráætlun með stefnunni.</li></ul>
<b>Fulltrúar í starfshópi:</b> <p>Fulltrúar fagskrifstofu SFS: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir</p> <p>Fulltrúi grunnskólakennara: Hulda María Magnúsdóttir</p> <p>Fulltrúi frístundastarfs: Kári Sigurðsson</p> <p>Fulltrúi skólahjúkrunarfræðinga: Margrét Héðinsdóttir</p> <p>Fulltrúar ungmenna: Eyrún Magnúsdóttir, Karitas Bjarkadóttir og Sindri Smáráson</p>
<b>Formaður starfshóps:</b> Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
<b>Starfsmaður:</b> Dagbjört Ásbjörnsdóttir
<b>Ráðgjöf / samstarf:</b> <p>Starfsmenn grunnskóla og félagsmiðstöðva. Skólahjúkrunarfræðingur, kynfræðingur og/eða aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til.</p>
<b>Starfstímabil:</b> 15. ágúst – 15. nóvember 2016
<b>Lokaskil:</b>

## Viðauki 2 - Spurningar og svör skólastjóra varðandi kynfræðslu

### Hversu margar kennslustundir að meðaltali fá nemendur í 6. og 7. bekk í kynfræðslu á skólaárinu 2015-2016?

- Fleiri en 8 stundir
- 6-8 stundir
- 4-6 stundir
- 2-4 stundir
- Minna en 2 stundir
- Engin kynfræðsla er í boði fyrir þennan aldur

Nemendur í 6. og 7. bekk				
Answer	Count	Percent	20%	40%
Fleiri en 8	1	4.55%	<div style="width: 4.55%;"></div>	
6-8	4	18.18%	<div style="width: 18.18%;"></div>	
4-6	8	36.36%	<div style="width: 36.36%;"></div>	
2-4	7	31.82%	<div style="width: 31.82%;"></div>	
Minna en 2	2	9.09%	<div style="width: 9.09%;"></div>	
Ekki í boði	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>	
<b>Total</b>	<b>22</b>	<b>100 %</b>		

### Hversu margar kennslustundir að meðaltali fá nemendur í 8. – 10. bekk í kynfræðslu á skólaárinu 2015-2016?

- Fleiri en 8 stundir
- 6-8 stundir
- 4-6 stundir
- 2-4 stundir
- Minna en 2 stundir
- Engin kynfræðsla er í boði fyrir þennan aldur

Nemendur í 8.-10. bekk				
Answer	Count	Percent	20%	40%
Fleiri en 8	3	18.75%	<div style="width: 18.75%;"></div>	
6-8	4	25%	<div style="width: 25%;"></div>	
4-6	6	37.5%	<div style="width: 37.5%;"></div>	
2-4	3	18.75%	<div style="width: 18.75%;"></div>	
Minna en 2	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>	
Ekki í boði	0	0%	<div style="width: 0%;"></div>	
<b>Total</b>	<b>16</b>	<b>100 %</b>		

## Hver sér um kynfræðslu í skólanum?

- Kennarar
- Skólahjúkrunarfræðingar
- Aðrir

Hver sér um kynfræðslu í skólanum?		
Answer	Count	Percent
Kennarar	22	43.14%
Skólahjúkrunarfræðingur	24	47.06%
Aðrir, hverjir?	5	9.8%
<b>Total</b>	<b>51</b>	<b>100 %</b>

### Hver sér um kynfræðslu í skólanum? - Text Data for Aðrir, hverjir?

02/12/2016	30069957	Námsráðgjafi
02/12/2016	30069924	námsráðgjafi
02/05/2016	30046031	Kolbrún Hrund hefur komið :)
02/05/2016	30045995	Læknanemar, kynjafræðingar, leikhús ogfl

### Starfshópur um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS

Mættir: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (SFS), Margrét Héðinsdóttir (fulltrúi skólahjúkrunarfræðinga), Hulda María Magnúsdóttir (fulltrúi grunnskólakennara) Kári Sigurðsson (fulltrúi frístundar) Karitas Bjarkardóttir (fulltrúi ungmenna) og Sindri Smáráson (fulltrúi ungmenna). Eyrún Magnúsdóttir (fulltrúi ungmenna) boðaði forföll

- Stuttleg kynning frá starfshópnum, bakgrunnur og starfsreynsla.
- Erindishópnum er ætlað að ræða heilstæða stefnumótun um kynfræðslu fyrir börn og ungmenni í Reykjavík.
- Ein af áskorum okkar er að efla samstarf milli grunnskóla, heilsugæslu og frístundamiðstöðva til að koma á samfellu og samtali milli þessa aðila til að styðja við fræðsluna.
- Rannsóknir sýna að unglingar og ungmenni kalla eftir víðtækari fræðslu sem tekur á fræðslu um kynímynd, samskipti, kynhegðun og víðtækari þætti en kynheilbrigði.
- Við þurfum að vera í samstarfi við fjármálaskrifstofu og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi innkaup á smokkum, túrtöppum, dömubindum o.fl
- Það eru ca 13 vikur til stefnu þegar við eigum að skila af okkur skýrslu
- Það væri gott að útbúa fræðslupakka og jafnvel fara með fræðslu/kynningar út í hverfin
- Gott að hópurinn tekur saman þau gögn sem við höfum. Mikilvægt að fara vel í gegnum það efni sem við erum að skoða
- Mikilvægi fræðslu og þjálfun starfsmanna; Kennara, skólahjúkrunarfræðinga og starfsmenn félagsmiðstöðva.
- Þurfum að skoða leiðir til að virkja foreldra
- Það þarf að skoða hvernig við byggjum upp fræðslu frá grunni; frá sjálfsmynd, kynþroska, kynhneigð, kynhegðun og kynheilbrigði
- Það þarf að nýta betur það lífsleikniefni sem er til og blanda kynfræðslu inní það
- Þurfum að hefja fræðslu frá 6 ára, t.d verkefnið Vinir Zippi
- Hvaða fólk viljum við fá til okkar:
  - Jafningjafræðslan frá Hinu húsinu

- Sólveig Rós frá Samtökunum '78
- Ungmennaráð Samfés um Sexting
- Þórdís Elva og Sigga Dögg
- Fulltrúar Druslugöngunnar

Fundartími:

Kolla og Dagbjört senda út könnun.

Reykjavík  
02.09 2016  
14:30 – 16:00

### Starfshópur um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS

Mættir: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (SFS), Margrét Héðinsdóttir (fulltrúi skólahjúkrunarfræðinga), Hulda María Magnúsdóttir (fulltrúi grunnskólakennara) Kári Sigurðsson (fulltrúi frístundar) og Karitas Bjarkardóttir (fulltrúi ungmenna). Sindri Smáráson (fulltrúi ungmenna) og Eyrún Magnúsdóttir (fulltrúi ungmenna) boðaði forföll.

**Margrét Héðinsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur var með kynningu á kynfræðslu skólaheilsugæslunnar:**

- Það er til öflugt fræðsluefni um kynfræðslu sem skólahjúkrunarfræðingar notast við <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=78&Itemid=101>
- Öllum starfsmönnum skólaheilsugæslunnar ber að fara eftir þeim markmiðum sem gefin eru út af Embætti Landlæknis.
- Margrét fór yfir skráningu og verkferla skólahjúkrunarfræðinga. Skráning er mikilvæg til að átta sig á hversu stór hluti barna og unglinga fær heilbrigðisfræðsluna á ári hverju. Oft er beðið um ákveðna fræðslu fyrir utan þessa skipulögðu, oftast er óskað eftir fræðslu um hreinlæti og svo kynheilbrigði.
- Skipulögð fræðsla er frá 40 mín yfir veturinn og að 3 x 80 mínútur. Stundum eru hóptímar og stundum einstaklingstímar. Algengt er að nemendur komi til hjúkrunarfræðings eftir fræðslu og óski eftir svari við spurningum eða nánari fræðslu.
- Töluverður munur er á þeirri fræðslu sem sveitarfélögin bjóða uppá, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu mun meiri en Heilsugæslan í Reykjavík.
- Eyrún (skólahjúkrunarfræðingur) bendir á að aðgengi að skólunum getur verið erfitt og hjúkrunarfræðingar oft í basli með að fá að koma inn í tíma, ekki síst meðal 10.bekkinga
- Kennarar eru oft inní kennslustund þegar hjúkrunarfræðingar eru með fræðslu fyrir en ekki á unglingastigi. Í fræðslunni „Líkaminn minn“ eru tveir hjúkrunarfræðingar saman. Eyrún

skólahjúkrunarfræðingur bendir á að krakkarnir eru almennt opnari og duglegri að spyrja þegar kennarinn er ekki með inni kennslustofunni.

- Bæði Eyrún og Margrét benda á að það vanti töluvert uppá samstarf skólahjúkrunarfræðinga og kennara til að hafa betri samhæfingu á því hvaða efni er verið að taka fyrir hverju sinni
- Foreldrar fá alltaf sent bréf heim þar sem fram kemur fram fór fram í fræðslunni hverju sinni.
- Karitas benti á að eina fræðslan sem hún man eftir að hafa fengið var með Ástráði, félag læknanema og hafi ekki minnst þess að skólahjúkrunarfræðingar hafi komið inni kennslustund
- Karitas telur að það eigi að hefjast fræðslu um blæðingar fyrr því sumar stúlkur eru þegar byrjaðar í 6.bekk. Að sama skapi er mikilvægt að strákar fái fræðslu og upplýsingar um blæðingar stúlkna.
- Umræða hvenær á að fræða um hvað er mikilvægt
- Þarf að skoða viðhorf skólanna til forgangsröðunar á kennslu og hvernig er unnt að leggja meiri áherslu á að taka inn fræðslu frá heilsugæslunni
- Allir voru sammála um að það verði að vera með endurtekningu á efninu, það skiptir máli að rifja upp og fara aftur yfir sömu þættina í kynfræðslu þar sem upplifun nemenda af efninu breytist eftir því á hvaða aldurskeiði þau eru
- Auk þess er mikilvægt að skoða hvernig við fræðum og hverjir það eru sem sjá um fræðsluna. Gott að margir komi að sama efni út frá ólíkum áherslum
- Mikilvægt að við kortleggja hvernig við erum öll að koma að þessu, með hvaða hætti að er best að nýta styrkleika hvers; hlutverk hjúkrunarfræðings, hlutverk kennara, hlutverk frístundaráðgjafa o.s.frv.
- Að undirbúa á vorönn fræðslu fyrir næsta starfsár þar sem félagsmiðstöð, heilsugæslan og kennari geta rætt hvernig þeir skipta á milli sín fræðslunni

Reykjavík,  
Kl: 14:30 – 16:00  
17.ágúst 2016

### **Starfshópur um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS**

Mættir: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (SFS), Margrét Héðinsdóttir (fulltrúi skólahjúkrunarfræðinga), Hulda María Magnúsdóttir (fulltrúi grunnskólakennara) Kári Sigurðsson (fulltrúi frístundar) var staddur erlendis. Karitas Bjarkardóttir (fulltrúi ungmenna) forföll. Sindri Smáráson (fulltrúi ungmenna) og Eyrún Magnúsdóttir (fulltrúi ungmenna) mættu ekki.

**Bjarklind B Gunnarsdóttir frá Jafningjafraeðslu í Hinu húsinu**

- Í gegnum fræðsluna hjá Jafningjafræðslunni var áhugavert að fá upplýsingar um t.d að strákar eru að byrja að horfa að klám 11 ára. Það vakti áhuga að þetta væri í raun eina fræðslan sem þeir fá á þessum aldri.
- Að mati Bjarklindar skiptir máli að byggja upp traust milli þeirra sem eru að fræða í kynfræðslu og nemenda til að það verði auðveldra að ræða þessa hluti opinskátt.
- Það er mikilvægt að ræða um klám, áhrif þess og hver raunveruleikinn er á bakvið þann það
- Það getur verið mjög flókið að finna út hvenær krakkar eru tilbúnir að fá ákveðna fræðslu en nægileg til að mæta ólíkum þörfum. Þetta er vandmeðfarið.
- Rakstur líkamshára: má rekja til rakstursframleiðanda í síðari heimstýrjöldinni þar sem það vantaði markað fyrir rakvélar. Konur urðu nýr markaður og hefur viðhaldist fram til dagsins í dag. Það er til dæmis mjög mikill verðmunur á rakvélum fyrir konur og fyrir karlmenn.
- Í heilsugæslunni í Árbæ og Breiðholti eru hjúkrunarfræðingar að skrifa upp á miða fyrir stúlkur sem þurfa að neyðargetnaðarvörnina og getað þannig fá þær það einfaldlega afhent.
- Kynjaskiptir tímar í kynfræðslu getað reynst vel að mati Bjarklindar.
- Það er svo mikilvægt að getað rætt um hluti við jafnaldra, að getað rætt um hluti sem þau eru að fara í gegnum og speglað sig.
- Mikilvægt að hafa samskonar eða sömu fræðslu í kynskiptri kynfræðslu.
- Mikilvægt að ræða um „fyrsta skiptið“ á raunhæfan hátt, ekki leggja mikla áherslu á hve sársaukafullt þetta er.
- Mikilvægi þess að ræða um slut shame og mikilvægi að gæta jafnræðis í allri umræðu um kynhegðun.

**Reykjavík,  
Kl: 14:30 – 16:00  
14. október 2016**

Mættir: : Kolbrún (SFS), Margrét (Heilsugæslan), Dagbjört (SFS) og Hulda María (Vættaskóli-Engi), Kári (Miðberg) og Karitas (ungmennaráð). Sindri (ungmennaráð) og Eyrún (ungmennaráð) mættu ekki.

- Kolbrún kynnti skýrslu frá Sólveigu Rós sem hlaut nýsköpunarstyrk og fjallar um hinsegin kynfræðslu.
- Samkvæmt úttekt hjá Sólveigu telja kennarar sig vera koma inná efni um hinsegin málefni en unglingarnir telja það alls ekki.
- Almennt er reynsla og skilningur kennara um kynhneigð unglinga vera ólík, sumir meðvitaðir á meðan aðrir eru það ekki.
- Það virðist skipta máli hvernig „grundvöllurinn“ er í hverjum skóla, varðandi viðhorf, orðræðu og menningu gagnvart hinsegin málefna.
- Mikilvægi þess að við höldum orðræðunni ekki á gagnkynhneigðum grundvelli, að við eru með hinsegin næmni í allri umræðu.
- „formfastir“ viðburðir eins og rósaball hefur borist til tals hvort einstaklingur af sama kyni megi sækja krakka af sama kyni“.
- Fræðsla skiptir miklu máli, að starfsfólk gefi aldrei afslátt af niðrandi orðræðu gagnvart kynhneigð. Starfsfólk eru fyrirmyndirnar og móta andrúmsloftið sem ríkir á starfsstöðvunum.



- Orð sem eru notuð og orðið „normalerseruð í orðræðunni, t.d viðhorf til homma og notkun á orðinu á neikvæðan hátt.
- Tvíkynhneigðir einstaklingar lenda oft í því að verða fyrir fordómum, þá líka frá samkynhneigðum einstaklingum sem og gagnkynhneigðum.
- Ungliðahópur Samtökin '78 leggur áherslu á tilfinningar, samskipti o.fl en ekki á umræðu um kynhegðun. Það eru að koma upp áhyggjur vegna inntöku BDSM inni samtökin og hvernig það hefur áhrif, hvort fræðslan muni breytast og fela í sér meiri fordóma.
- Félagsmiðstöðvar eru að kaupa dömubindi og túrtappa inni félagsmiðstöðvarnar sem hafa nýst vel
- Mikilvægi kynheilbrigðis, hverjir taka ábyrgð á smokkanotkun – sleggjudómar um að stelpur beri smokka því þá eru þær „druslur“ og ef strákar of graðir
- Fórum yfir námsefni frá Jóhanni Björnsyni um þá fræðslu sem þau bjóða uppá. Þar á meðal bent á Stephen Fry þættina:
  - o <https://www.youtube.com/watch?v=IMPI25oraVc>
  - o <https://www.youtube.com/watch?v=tc19KxerK7U>
- Það efni sem Jóhann er að nota er til fyrirmyndir, það væri hægt að nýta þetta á fleiri stöðum og væri unnt að innleiða þessu kennslunálgun væri frábær. T.d er hægt að ræða þetta við og starfa með í samstarfi við félagsmiðstöðina
- Tillaga um að starfsmaður úr félagsmiðstöð, frá heilsugæslunni og frá kennara til að efla samstarf utan um kynfræðsluefni
- Skoða bók eftir Jónu Ingibjörgu um: <https://www.heilsugaeslan.is/kennsla-verklag-visindi/leidbeiningar/kynfraedsla/>
- Næsti fundur: Taka vinnufund þar sem við greinum eftir aldri yngsta stig, miðstig og unglingastig hugarflugsfundur um að greina það efni sem er til, hvað vantar og hvernig getum við komi þessu.

**Reykjavík,  
Kl: 14:30 – 16:00  
04. nóvember 2016**

Mættir: Kolbrún (SFS), Kári (Miðberg) og Eyrún (Ungmennaráð). Aðrir meðlimir hópsins eru fjarverandi.

Vinnufundur. Í tölvupóstsamskiptum og á facebook hafði verið rætt um að skipta viðfangsefnum kynfræðslunnar niður á aldur nemenda. Á þessum fundi var skrifað niður á stór karton þau áhersluatriði sem starfshópurinn telur að skipti mestu máli út frá því sem nú þegar er verið að kenna og því sem helst vantar inn í fræðsluna. Atriðum er skipt niður eftir aldri og flokkum. Hugstormun um skipulag tilraunaverkefnis, hvernig best sé að framkvæma það, hvaða skólar væri hentugir og hvers vegna. Vættaskóli-Engi og Breiðholtsskóli voru nefndir vegna þess að annar er með stóra unglingadeild og hinn með litla. Á báðum stöðum er starfsfólk sem er tilbúið til að taka virkan þátt í

tilrauninni (Hulda María í Vættaskóla-Engi og Kári í Miðbergi). Áhugi starfsfólk skiptir miklu máli fyrir velgengni verkefnis.

**Reykjavík,  
Kl: 14:30 – 16:00  
18. nóvember 2016**

